

**Zbigniew Dubik** nam fiðluleik við Tónlistarháskólann í Gdansk frá árinu 1978 - 1983. Árið 1982 hóf hann að leika með pólsku Fílharmóníu-hljómsveitinni og ferðaðist með henni sem konsertmeistari um Sovétríkin, Þýskaland, England, Danmörku, Frakkland, Spán, Ítalíu og Bandaríkin. Árið 1988 var Zbigniew ráðinn að Sinfóníuhljómsveit Íslands. Jafnframt hefur hann gegnt stöðu konsertmeistara í hljómsveit Íslensku óperunnar. Síðan Zbigniew fluttist til Íslands hefur hann leikið kammertónlist m.a. með Caput hópnum, Kammersveit Reykjavíkur og Kammersveit Hafnarfjarðar.

**Greta Guðnadóttir** lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1983 og stundaði framhaldsnám hjá Ani Kavafian við Manhattan School of Music þaðan sem hún lauk meistaraprófi árið 1987. Greta vinnur nú að doktorsritgerð um íslenska fiðlutónlist við ríkisháskólann í Flórída. Árið 1989 vann Greta fyrstu verðlaun í Wurlitzer Artist strengjaleikarakeppninni í Flórída. Frá árinu 1992 hefur Greta verið leiðari annarrar fiðlu Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún hefur leikið kammertónlist héraendis og vestan hafs, til dæmis með Camerartica, Kammersveit Reykjavíkur og Kammersveit Hafnarfjarðar.

**Guðmundur Kristmundsson** lauk einleikarprófi í víóluleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1986, hélt síðan til Hollands í framhaldsnám þar sem hann lauk einleikarprófi (UM) frá Brabants Conservatorium árið 1990. Hann lék þar með ýmsum hljómsveitum, þar á meðal Brabants Kammerorkest, Nederlands Kammerorkest og Nederlands Philharmonisch Orkest. Guðmundur hefur verið fastráðinn við Sinfóníuhljómsveit Íslands frá árinu 1984 að undanskildum námsárum sínum erlendis. Hann hefur tekið þátt í fjölda tónleika hér heima og erlendis meðal annars með Caput hópnum, Camerartica, Kammersveit Reykjavíkur og Kammersveit Hafnarfjarðar.

**Guðrún Th. Sigurðardóttir** stundaði nám í sellóleik við Tónlistarskólann í Reykjavík og útskrifaðist þaðan árið 1982. Næstu tvö árin var hún við framhaldsnám hjá Ola Karlson við Tónlistarháskólann í Stokkhólmi. Síðar sótti hún einkatíma hjá hinum þekktu sellóleikara og kennara Mr. William Pleath í London. Guðrún hefur verið fastráðin við Sinfóníuhljómsveit Íslands frá árinu 1986. Hún hefur fengist við kennslu og tekið þátt í fjölda tónleika t.d. með Íslensku hljómsveitinni og Kammersveit Hafnarfjarðar.

# Tónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

## Bernardel Strengjakvartettinn



Þriðjudaginn 21. júní 1994 kl. 20:30

*Bernardel strengjakvartettinn*

1. fiðla  
Zbigniew Dubik

2. fiðla  
Greta Guðnadóttir

Lágfiðla  
Guðmundur Kristmundsson

Selló  
Guðrún Th. Sigurðardóttir

*Efnisskrá*

Johannes Brahms  
(1833 - 1897)

Strengjakvartett nr. 3 í B-dúr óp. 67  
Vivace  
Andante  
Agitato (Allegretto non troppo)  
Poco Allegretto con Variazioni

Leoš Janáček  
(1854 - 1928)

Strengjakvartett nr. 1 (1923)

Giacomo Puccini  
(1858 - 1924)

Crisantemi (Andante mesto)